



Samfellt þjónustukort fyrir allt landið

Eitt athyglisverðasta verkefnið sem Byggðastofnun vinnur nú að, er gagnvirkt yfirlitskort með upplýsingum um aðgengi landsmanna að almennri þjónustu á vegum bæði stjórnvalda og einkaaðila. Verkefnið er skilgreint í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem eitt af samstarfsverkefnum ríkis og sveitarfélaga kjörtímabilinu og er langt á veg komið. Aðeins vantar lokahnykkinn, þar á meðal upplýsingar frá sveitarfélögunum sem nú er leitað eftir.

Einstakt frumkvöðlaverk

Markmiðið er að upplýsingar um þá þjónustu sem er fyrir hendi um land allt verði aðgengilegri og áreiðanlegri en nú er. Með því móti er ætlunin að vekja upp aflvaka nýsköpunar og skilvirkari stefnumótunar í byggðamálum, sem getur svo aftur skilað sér í betri þjónustu, auknu þjónustuframboði og notendavænni þjónustulausnum svo að einhverjir möguleikar séu nefndir.

Ráðgert er að lokið verði við að skrá um 65 þjónustuflokka á þjónustukortið, þjónustukort.is, fyrir árslok og þá verður það fyrsta kort sinnar tegundar, sem veitir aðgang að heildstæðum þjónustuupplýsingum um land allt. Er þjónustukortið að þessu leyti einstakt frumkvöðlaverk. Mikilvægt er síðan að upplýsingar sem til grundvallar liggja verði sífellt uppfærðar.

Samstarfið við sveitarfélögin

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra fékk Byggðastofnun málið í hendur á síðasta ári. Byggðastofnun hefur sótt ráðgjöf til Alta

ráðgjafarstofu, Landmælinga Íslands og Capacent og samstarf við ráðuneyti og ríkisstofnanir. Hefur kortagerðinni miðað vel og í sumari sem leið kynnti Byggðastofnun nýja vefsíðu. Með því að opna síðuna þegar á fyrstu stigum verkefnsins, gafst öllum kostur á að koma ábendingum tímanlega til Byggðastofnunar varðandi þróun kortsins og notkun. Á síðasta ári var komið á fót verkefnishópi ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga til aðstoðar Byggðastofnun í verkefninu.

Staðlaður samningur einfaldar málið

Til að greiða fyrir aðkomu sveitarfélaga, hefur verið útbúið einfalt samningsform sem skilgreinir í hverju samstarfið við Byggðastofnun felst. Um afhendingu á upplýsingum er að ræða, sem ætti að vera fljótlegt fyrir sveitarfélög að taka saman og uppfæra á reglubundnum grunni. Þá er einnig opnað á samstarf að frekari þróun þjónustukortsins, standi vilji almennt til þess síðar meir.

Auk þess sem hönnun vefsíðarinnar á þó eftir að taka einhverjum breytingum, vantar enn mikilvæga upplýsingaflokka á kortið, eins og áður hefur verið vikið að. Verkefninu hefur verið skipt upp í tölusetta áfanga og er ráðgert er að þeim áfanga sem að sveitarfélögunum snýr verði lokið 1. október nk. Hagur sveitarfélaganna af verkefninu er verulegur, s.s. hvað kynningarstarf þeirra snertir, stefnumótunar- og þróunarstarf og einnig svæðisskipulagsgerð og önnur samstarfs- og þróunarverkefni á svæðisvísu, svo að dæmi séu nefnd. Sveitarfélögin hafa mikilvæga þjónustuþætti með höndum og því líka mikilvægt fyrir gildi þjónustukortsins að þær verði birtar þar.